

Þriðjudaginn 25. mars 1997.

Nr. 257/1996.

Vátryggingafélag Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Magnúsi H. Norðdahl

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Vátrygging, skilmálar. Slys. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1996 að fengnu áfrýjunarleyfi og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem getur í héraðsdómi, varð stefndi fyrir tveimur slysum með eins mánaðar millibili í desember 1991 og janúar 1992. Í síðara skiptið rann hann til á hækjum í hálfku, en vinstri fótur hans var þá í gífsi frá tám upp í nára eftir fyrra slysið. Féll hann aftur fyrir sig, og kom mikill hnykkur á vinstri mjöðm og bak. Kvaðst stefndi fyrir dómi strax hafa fundið til skerandi sársauka. Samkvæmt vottorði Svavars Haraldssonar læknis var „langlíklegast, að um spontant brjós-klos væri að ræða“.

Í 1. gr. vátryggingarskilmála áfrýjanda fyrir slysatryggingu segir, að félagið greiði bætur vegna slyss, er sá, sem tryggður er, verði fyrir, en með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama þess, sem tryggður er. 8. gr. skilmálanna fjallar um takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o. fl. Segir þar meðal annars, að félagið bæti ekki slys, sem beint eða óbeint hljótist af sjóndepru, heyrnardeyfu, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun.

12. gr. skilmálanna fjallar um bætur við varanlega örorku. C-liður hennar hljóðar svo: „Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar ör-

orku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal metið til varanlegrar örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.“

Ágreiningur málsaðila lýtur öðru fremur að því, hvort sú hrörnun í liðþófa, sem Atli Þór Ólason læknir lýsir í matsgerð sinni og hinir sérfróðu meðdómsmenn í héraðsdómi fallast á fyrir sitt leyti, skuli teljast bæklun í skilningi c-liðar 12. gr., enda telur áfrýjandi, að slysið hafi ekki nema að hluta valdið örorku stefnda, en að hluta hafi hún verið þegar til komin. Álit hinna sérfróðu meðdómsmanna var, að hrörnun þessi hefði verið eðlileg öldrun 38 ára gamals manns og að hún yrði ekki talin bæklun í þessum skilningi.

Ekki er ástæða til annars en skýra ákvæði þetta eftir orðanna hljóðan. Eðlilegt er að líta svo á, að með bæklun á útlím eða líffæri sé átt við ástand, sem til þess sé fallið að valda skerðingu á starfsorku. Fer sá skilningur ekki í bága við markmið váttryggingarinnar samkvæmt 1. gr. skilmálanna eða fyrrgreind ákvæði 8. gr. þeirra. Hrörnunin á liðþófa stefnda, sem í ljós kom við skurðaðgerð, hafði fyrir slysið ekki skert starfsorku hans, að því er vitað sé. Áfrýjandi hefur ekki á annan hátt leitast við að sanna eða leiða líkur að því, að þessi umrædda hrörnun í liðþófa hafi í raun háð stefnda svo, að hún verði talin bæklun. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur, eins og stefndi hefur krafist.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Váttryggingafélag Íslands hf., greiði stefnda, Magnúsi H. Norðdahl, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., var höfðað með þingfestingu og framlagningu sóknargagna 21. september sl.

Stefnandi er Magnús Haukur Norðdahl, kt. 200254-4069, Pverási 35, Reykjavík.

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.887.320 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 355.170 kr. frá 21. nóvember 1994 til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. nóvember 1995, en síðan árlega þann dag. Frá dragist innborganir stefnda inn á kröfu stefnanda, 1.532.250 kr., miðað við 21. nóvember 1994.

Af hálfu stefnanda er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda af stefnu-fjárhæðum að mati réttarins, en áskilinn er réttur til þess að leggja fram sérstakan málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins, ef til hans kemur.

Krafist er 24,5% virðisaukaskatts á tildæmdan málskostnað og vaxta.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavextir.

Stefnandi krefur stefnda um skaðabætur vegna slyss, er hann varð fyrir 22. desember 1991, en stefnandi varð þá fyrir því, að hestur sló hann og braut vinstri sköflung neðan hnés. Stefnandi var tryggður almennri slysa-tryggingu hjá stefnda. Stefnandi var þegar fluttur á slysadeild Borgarspítalans og þaðan á Landakotsspítala til frekari meðhöndlunar. Stefnandi var því næst margsinis til meðferðar á göngudeild spítalans í eftirmeðferð, en stefnandi var óvinnufær fram í miðjan júní 1992. Hann gerði þá tilraun til að vinna, en varð að hætta eftir tvo mánuði. Síðan hefur hann ekki stundað atvinnu sína.

Hinn 20. janúar 1992 varð stefnandi fyrir því óhappi að renna til í hálfu. Í stefnu segir, að við það hafi hann fengið slink á vinstri mjöðm og bak og orðið að fara í aðgerð 18. september 1992 við brjósklosi af þeim sökum.

Samkvæmt vottorði Svavars Haraldssonar, læknis á Landakoti, dags. 26. júní 1992, sýndi CT-rannsókn, sem fram fór á stefnanda, að um brjósklos væri að ræða í liðbili L5-S1 vi. (sic) megin og sennilega um „frítt sequestrum“ að ræða. Eithvað muni stefnandi hafa haft óþægindi í baki áður, en að hans sögn hafi þessir bakverkir komið með útgeislun í vinstri ganglim eftir tognun 20. janúar.

Hinn 15. apríl 1993 mat Stefán Bogason læknir örorku stefnanda. Í örorkumati læknisins eru raktar helstu afleiðingar slyssins á heilsufar stefnanda.

Í niðurstöðu matsins segir:

„Tímabundin og varanleg örorka af völdum þessa slyss þykir hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í tólf mánuði	100%.
Eftir það talið í þrjá mánuði	50%.
Varanleg örorka	20%.“

Hinn 28. september 1993 ritaði lögmaður stefnanda Sigurjóni Sigurðs-syni, sérfræðingi hjá Tryggingastofnun ríkisins, bréf og óskaði álits hans á því, hvort tímabært væri að endurmeta tímabundna og varanlega örorku stefnanda. Í svari læknisins kom fram, að hann taldi ekki tímabært að gera örorkumat, þar sem stefnandi hefði ekki náð nægilegum bata, til þess að endanleg örorka hans yrði séð fyrir og metin.

Hinn 7. júní 1994 mat Sigurjón Sigurðsson, læknir og sérfræðingur í bækl-unarlækningum, örorku stefnanda. Í niðurstöðu matsins segir:

„Með tilliti til þess, sem að framan er getið, og þar sem nú er svo langur tími liðinn, frá því að áverki þessi varð, og ekki von á frekari bata, og ef eitthvað er, má frekar búast við versnun, má segja, að hin varanlega örorka sé þrjátíu prósent (30%).“

Hinn 27. júní 1994 var umrætt örorkumat sent stefnda og krafist upp-gjörs, og var sú krafa áréttuð með bréfi 1. nóvember 1994.

Að beiðni stefnda mat Atli Þór Ólason læknir 7. nóvember 1994 örorku stefnanda. Í matsgerðinni er sjúkrasögu og stefnanda lýst, en því næst segir í niðurstöðu matsins:

„Í tryggingarlæknisfræðilegum skilningi vakna tvær spurningar. Hin fyrri er, hvort atburðurinn í janúar 1992 hafi verið slyss eða ekki. Það, sem mælir með, að svo sé, er að Magnús hrasar vegna hálfu, sem telja mætti utan- aðkomandi þátt, og atburðurinn er einn og skyndilegur. Við slíkar aðstæður, sérstaklega þar sem hann er ekki fær um að stíga í báða fætur, heldur gengur við tvær hækjur, má gera ráð fyrir, að átök séu önnur en ella hefði verið. Því mætti hugsa sér, að mikill hnykkur hafi getað komið á bakið, sem hafi rekið endahnútinn á, að hrörnaður liðþófi hafi rifnað.

Síðari spurningin er, hvort forskaðaður liðþófi, hrörnaður, eigi þátt í nú-verandi einkennum slasaða. Þeirri spurningu verður að svara játandi, þar sem slysaáverkinn er ekki mikill og hefði undir venjulegum kringumstæð- um ekki getað skemmt heilbrigðan liðþófa.“

Var niðurstaða læknisins sú, að örorka vegna hugsanlegs bakáverka næmi 20%, en forskaða mætti meta til 5% varanlegrar örorku. Einnig mat hann varanlega 10% læknisfræðilega örorku vegna slyssins 21. desember 1991. Samtals var þetta 25% örorka.

Hinn 21. nóvember 1994 sendi stefndi lögmanni stefnanda bréf ásamt ávísun, að fjárhæð 1.332.250 kr. Af greiðslu mátti ráða, að félagið greiddi bætur miðað við 25% varanlega örorku.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi vísar til þess, að hann hafi keypt almenna slysatriggingu hjá stefnda. Samkvæmt henni eigi stefndi að greiða dagpeninga í tiltekinn tíma, en síðan bætur vegna varanlegrar örorku, hundraðshluta af ákveðinni fjárhæð, sem var 5.065.000 kr., er tryggingin var tekin 1. febrúar 1991. Stefndi hafi greitt dagpeninga í samræmi við tryggingarskírteinið.

Í mati Atla Þórs Ólasonar sé komist að þeirri niðurstöðu, að varanleg örorka stefnanda verði metin 30%. Í örorkumati læknisins séu vangaveltur og ágiskanir um það, að hugsanlega hafi verið um að ræða slit í liðþófa eða það, sem læknirinn kallar forskaða, sem hafi aukið á tjón stefnanda. Útilokað sé fyrir Atla Þór Ólason að draga ályktun um hugsanlegar afleiðingar og orsakir og ástæður af umræddu slysi, sem hafi orðið í janúar 1992. Ljóst sé á orðalaginu „undir venjulegum kringumstæðum“, að það verði ekki lagt til grundvallar sem mælikvarði á orsakir og afleiðingar þess, að stefnandi féll í hálfu í janúar 1992. Matsgerðin staðfesti hins vegar niðurstöðu Sigurjóns Sigurðssonar í meginatriðum.

Í bréfi stefnda frá 21. nóvember komi fram, að félagið hafi talið eðlilegt að taka sér umþóttunartíma hálf tann ári, frá því að örorkumatsgerð lá fyrir, áður en félagið kvæði upp úr um afstöðu sína, þ. e. í nóvember 1994. Þá kemur fram sú afstaða, að stefndi telji, að sér beri ekki að greiða vexti af bótafjárhæðinni, fyrr en öll gögn liggja fyrir. Í tryggingarskilmálanum sé tekið fram, að váttryggingafélögin skuli miða við vísitölu framfærslukostnaðar. Hvergi sé tekið fram, að váttryggingarfjárhæðin beri eigi vexti, og sé ljóst með vísan til almennrar dómvenju, að reikna beri innlánsvexti á skaðabætur frá tjónsdegi auk verðbóta. Óeðlilegt sé, að stefndi geti tekið sér umþóttunartíma að vild á þeirri forsendu, að ekki liggja öll gögn fyrir.

Af hálfu stefnanda er gerð krafa um greiðslu 1.887.420 kr. að frádregnum 1.532.250 kr. Kröfugerðin er rökstudd svo, að 21. nóvember 1994 hafi stefndi greitt 1.532.250 kr., sem séu bætur miðað við 25% varanlega örorku auk verðbóta. Kröfugerð stefnanda miðað við 30% varanlega örorku verður því svofelld:

Höfuðstóll	kr.	1.609.500
Verðbætur frá 1. 2. 1991 (149,5 stig) til 24. 11. 1994 (180,8 stig)	–	229.300
Innlánsvextir frá 1. 2. 1991 til 24. 11. 1994	–	48.620
Samtals	kr.	1.887.420
Frá dragast	kr.	1.532.250
Mismunur, ógreiddur	kr.	355.170

Krafist sé vaxta af bótafjárhæð auk verðbóta, en dráttarvaxta frá 24. nóvember 1994 af mismuni þess, sem greitt var, og þeirrar kröfu, er stefnandi gerir, þ. e. 355.170 kr. Krafa um vexti sé reist á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Krafa um verðbætur til 21. 11. 1994 sé reist á ákvæðum skilmála um tryggingu.

Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda að mati réttarins. Stefnanda hafi verið nauðsynlegt að afla sér aðstoðar lögmanns til þess að knýja á um greiðslur skaðabóta, en félagið hafi færst undan að greiða skaðabætur í samræmi við tryggingarsamning. Sá ágreiningur, sem hér sé til meðferðar, sýni, að stefnanda hafi verið bæði rétt og nauðsynlegt að leita aðstoðar lögmanns við gagnaöflun og samkomulagsumleitunir við stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að ekki sé sönnuð meiri varanleg örorka en 25% af völdum umrædds slyss, sem stefndi hafi fullbætt samkvæmt skilmálum slysatryggingarinnar með uppgjöri 21. nóvember 1994. Eigi stefnandi ekki lög- eða samningsbundinn rétt til frekari bóta úr slysatryggingunni hjá stefnda.

— — —

III.

Niðurstæða.

Í málinu er ágreiningslaust, að stefnandi varð fyrir slysi 22. desember 1991 og síðan aftur í janúar 1992. Falla slyss þessi undir bótaskyldu stefnda samkvæmt almennri slysatryggingu, sem stefnandi hafði keypt hjá stefnda.

Samkvæmt matsgerð Sigurjóns Sigurðssonar læknis, dags 7. júní 1994, er stefnandi talinn hafa hlotið 30% varanlega læknisfræðilega örorku af völdum beggja þessara atvika. Reisir stefnandi kröfugerð sína á þeirri matsgerð.

Stefndi vísar til matsgerðar Atla Þórs Ólasonar læknis, dags. frá 7. nóvember 1994. Í þeirri matsgerð er komist að sömu niðurstöðu um læknisfræðilega örorku stefnanda, þ. e., að hún sé 30%. Í matsgerð Atla Þórs Óla-

sonar eru hins vegar færð rök fyrir því, að stefnandi hafi verið haldinn forskaða fyrir slysin, sem megi meta til 5% varanlegrar örorku. Stefndi telur, að forskaði þessi falli utan tryggingarsviðs hinnar almennu slysatryggingar, þar sem aðeins skuli bætt sú örorka, sem hlaust af slysinu, en ekki hrörnun eða bæklun, sem hafi áður verið til komin. Í matsgerðinni segir, að fram komi í læknisvottorði Arons Björnssonar, dags. 30. 10. 1992, þar sem lýst sé aðgerð, sem stefnandi gekkst undir 18. september s. á., að liðþófi milli 5. mjóhryggjarliðsbolar og spjaldhryggjar hafi verið útbungandi og taugarótin verið fest niður á þessa útbungun. Eftir að skorið hafi verið á liðbandið, hafi ollið út hrörnaður liðþófavefur.

Atli Þór Ólason kom fyrir dóminn sem vitni og staðfesti matsgerð sína. Vitnið skýrði svo frá, að í þessu tilviki væri um óvenjulega augljósan forskaða að ræða. Í fyrsta lagi mætti lesa það út úr læknisvottorði Arons Björnssonar. Þá hafi slík hrörnun, sem þar sé lýst, ekki getað orðið á svo stuttum tíma, frá því að slysið varð í janúar og þar til aðgerð fór fram í september s. á. Liðþófinn hafi því verið hrörnaður á þeim tíma, sem síðara slysið varð. Vitnið sagði í öðru lagi, að ef liðþófinn hefði verið heill, hefði hann ekki átt að láta undan átaki, sem þarna varð, þar sem hann sé mjög sterkur. Áverkinn þurfi að vera slíkur, að hann gæti leitt til beinbrots, sem ekki hafi verið í þessu tilviki.

Fram hefur komið, að stefnandi hafi fundið til mjóbaksverkja fyrir slysin við mikla áreynslu. Þessi óþægindi hindruðu hann hins vegar ekki við erfið störf, og var hann, eftir því sem fram kemur í málinu, aldrei frá vinnu vegna þessa. Fyrir slysið var ekki vitað um neina bæklun eða skemmd í baki stefnanda.

Í c-lið 12. gr. váttryggingarskilmála fyrir tryggingu stefnanda segir, að missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem áður hafi verið bæklað, skuli metið til varanlegrar örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slys.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að til þess beri að líta, að þegar slys varð, hafi stefnandi verið nær 38 ára og kominn með eðlilega öldrun á liðþófa. Að þessu leyti megi fallast á það örorkumat Atla Þórs Ólasonar læknis, að hrörnun hafi verið komin í liðþófa stefnanda við slys 20. janúar 1992.

Dómurinn telur hins vegar, að þessi hrörnun verði ekki talin bæklun á útlím í skilningi c-liðar 12. gr. váttryggingarskilmála fyrir tryggingu stefnanda. Stefnda þykir því ekki hafa tekist að sýna fram á, að stefnandi hafi verið bæklaður fyrir slysið, sem meta megi til varanlegrar örorku á slysdegi, en fyrir því ber stefndi sönnunarbyrði. Ber stefnda því að greiða stefnanda örorkubætur miðað við 30% varanlega örorku í stað 25%, sem hann hefur þegar gert.

Í 13. gr. váttryggingarskilmála umræddrar slysatryggingar segir efnislega, að ef tryggingartaki verði fyrir slysi, sem valdi varanlegri örorku innan þriggja ára frá slysdegi, skuli greiða bætur á grundvelli þeirrar upphæðar, er

í gildi var á slysdegi, eftir þeim reglum, sem tilteknar eru í skilmálunum. Einkum er vísað til 18. og 19. gr. váttryggingarskilmálanna. Samkvæmt tryggingarskilmálum skal greiða slysabætur innan fjórtán daga, eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu stefnda og unnt er að ákveða fjárhæð bóta.

Málsaðila greindi í verulegum atriðum á um það, hver væri varanleg örorka stefnanda. Liggja frammi í málinu alls þrjár örorkumatsgerðir auk læknisvottorða.

Höfuðstól stefnukröfu miðað við 30% varanlega örorku er ekki mótmælt af hálfu stefnda. Þá er ekki ágreiningur um fjárhæð verðbóta, en samkvæmt 18. gr. váttryggingarskilmála skulu váttryggingarfjárhæðir samkvæmt skírteini breytast í hlutfalli við vísitölu framfærslukostnaðar. Tryggingarskilmálarnir gera hins vegar ekki ráð fyrir því, að stefndi greiði auk verðbóta vexti á því tímabili, sem hann hefur til að gera upp bótaskyld slys samkvæmt 13. gr. skilmálanna. Ber því að hafna kröfulið stefnanda um vexti.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda 306.550 kr. Rétt þykir, að stefndi greiði á þá fjárhæð meðaltalsvexti almennra sparisjóðsreikninga skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. nóvember 1994 til dómsuppkvaðningar, 2. apríl 1996, en dráttarvexti skv. III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir, að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni sé rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og herra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Stefnandi þurfti að leita lögmannsaðstoðar til að gæta hagsmuna sinna við bótauppgjör við stefnda, enda ágreiningur um læknisfræðilega örorku stefnanda, svo sem hér hefur komið fram. Að því virtu og með tilliti til þess verks, sem unnið var af lögmanni stefnanda, og hagsmuna þeirra, sem um er deilt, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda 175.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni og Ríkarði Sigfússyni bæklunarskurðlækni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Váttryggingafélag Íslands, greiði stefnanda, Magnúsi Hauki Norðdahl, 306.550 kr. með meðaltalsvöxtum almennra sparisjóðsreikninga skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. nóvember 1994 til 2. apríl 1996, en með dráttarvöxtum samkv. III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda alls 175.000 kr. í málskostnað.